

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Skuggasund 1-3

101 Reykjavík

postur@uar.is



Reykjavík 11. nóvember 2021

Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Hinn 24. september 2021 birti umhverfis- og auðlindaráðuneytið drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu á samráðsgátt stjórnvalda.

Í lögum um landgræðslu, nr. 155/2018, kemur fram að markmið þeirra sé að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Ráðgerðri reglugerð er ætlað að hafa það markmið að tryggja sjálfbæra landnýtingu, með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands.

Reglugerðardrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar, sérstaklega hluti reglugerðarinnar sem snýr að umferð fólks og ökutækja og framkvæmdum, og vilja samtökin koma með eftirfarandi ábendingar.

SAF geta tekið undir það sjónarmið sem fram kemur í 4. gr. draganna; að nýting lands skuli vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar eins og unnt er, og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa haldist. Nýting lands þarf því að byggjast á viðmiðum um sjálfbærni. Reglugerðinni sem eru til umsagnar er ætlað að veita leiðbeiningar um sjálfbærna nýtingu. Í því samhengi þarf að horfa til þróunar ferðaþjónstu og horfa þá sérstaklega til efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta. Það verður að vera jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða þarf að taka mið af því.

Túlkun þarf að samræmast lögum um náttúruvernd

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum, er í 1. mgr. 32. gr. fjallað um að Vegagerðin skuli halda skrá í stafrænum kortagrunn um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Í sjötta bráðabirgðaákvæði laganna kemur fram að:

þar til sveitarfélög hafi gert breytingar á aðalskipulagi sínu, eða eftir atvikum svæðisskipulagi, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 32. gr. og Vegagerðin hefur birt í vegaskrá viðkomandi vegi í náttúru Íslands sem heimilt er að aka, aðra en þjóðvegi, er heimilt að aka vélknúnum ökutækjum á greinilegum vegum í náttúru Íslands sem eru að staðaldri notaðir til umferðar vélknúinna ökutækja. Skilyrði fyrir akstri á slíkum vegum er að aksturinn falli að skilyrðum 3. mgr. 32. gr. Vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020. (undirstrikun SAF).

Ljóst er að vinna skv. þessu ákvæði er ekki lokið og er ekki fyrir séð að henni ljúki á næstunni.

Skilyrðin og leiðbeiningar í 3. mgr. 32. gr. eru svo eftirfarandi:

Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Með ofangreint í huga þá þarf að túlka 9. gr. reglugerðardraganna og viðauka IV í samræmi við ofangreind ákvæði.

Ákvæði reglugerðardraganna og túlkun þeirra má ekki koma í veg fyrir eðlilega meðferð og notkun lands. SAF benda á að túlkun á ákvæðum reglugerðarinnar geta ekki verið óraunhæf í framkvæmd. Túlkun á reglugerðinni og lögum geta ekki gert það að verkum að komið sé í veg fyrir eðlilega uppbyggingu við t.d. innviði við ferðamannastaði. Eins og áður sagði þá verður að vera jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru. SAF vilja benda á að það er nauðsynlegt að tryggja eins og kostur er jafnvægi verndar og nýtingar.

Samtökin vilja að lokum taka það fram að reglugerðin er gríðarlega opin til túlkunar og því erfitt að segja til um innihald hennar á ákveðnum stöðum. SAF leggja til að drögin séu tekinn til endurskoðunar, kynnt og útskýrð betur þar sem samráð var ekkert fyrir utan að setja drög á samráðsgátt.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Baldur Sigmundsson, lögfræðingur

Ágúst Elvar Bjarnason, verkefnastjóri